



Borgarráð

Fjölnota íþróttahús KR við Frostaskjól.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að hefja útboðsferli vegna byggingar á nýju fjölnota íþróttahúsi KR við Frostaskjól. Um er að ræða alútboð sem byggt er á ígildi bygginganefndarteikninga. Skv. fjárhagsáætlun 2024-2027 er gert ráð fyrir 2.500 m.kr. til verkefnisins. Þar af eru 100 m.kr. á árinu 2024, 500 m.kr. á árinu 2025, 1000 m.kr. á árinu 2026 og 900 m.kr. á árinu 2027. Gert verður ráð fyrir þessu greiðsluplani í útboðsgögnum.

Greinargerð:

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 20. maí 2021 samkomulag við Knattspyrnufélag Reykjavíkur um uppbyggingu á lóð KR við Frostaskjól auk þátttöku Reykjavíkurborgar í byggingu nýs fjölnota íþróttahúss á svæðinu.

Deiliskipulag fyrir svæði KR við Frostaskjól var samþykkt í borgarráði 30. júní 2022.

Bygginganefnd vegna framkvæmda við fjölnota íþróttahús var skipuð af borgarstjóra í ágúst 2022.

Húsið verður alls um 6700 m² og þar af er íþróttasalur um 4400 m². Í húsinu verður hægt að æfa knattspyrnu innandyra á gervigrasvelli og miðað við að hægt sé að keppa mótsleiki í 8 manna bolta. Í hliðarbyggingu er gert ráð fyrir skrifstofurýmum, lyftingarsal, fundarsölum og öðrum rýmum sem þjónusta starfsemi hússins. Þá er gert ráð fyrir svölum inni í íþróttasal ásamt svölum utan á hliðarbyggingu sem snýr að aðalvelli KR.

Kostnaðarstaður: 1105

Fjárheimild 2024: 100 m.kr.

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

- Deiliskipulag fyrir svæði KR við Frostaskjól. Borgarráð 30. júní 2022.

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/4_kr_svaetid_frostaskjol_2_-_6.pdf

- Erindisbréf vegna fjölnota íþróttahúss við Frostaskjól. Borgarráð 25. ágúst 2022.

https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/8_erindisbref_vegna_fjolnota_ithrottahuss_vid_frostaskjol_mss22080130.pdf